

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Skarhólabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að til verður nýtt 1,6 ha svæði fyrir þjónustustofnanir við Skarhólabraut. Að sama skapi skerðist íbúðarsvæði við Hlíðartún um 0,75 ha, opið óbyggt svæði um 0,5 ha og helgunarsvæði Vesturlandsvegur skerðist um 0,1 ha. Gert er ráð fyrir slökkvi- og lögreglustöð á svæðinu með nýtingarhlutfalli 0,4 ha.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2010